

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 26. júní 1975

um breytingu á tilskipunum 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 66/403/EBE og 69/208/EBE um markaðssetningu sykkurófufræja, fóðurjurtafræja, sáðkorns, útsæðiskartaflna og olíu- og trefjajurtafræja

(75/444/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

röskun hefðbundinna viðskiptahátta.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

Ráðlegt er að heimila aðildarríkjum að innleiða ákvæði er auðvelda lokun lítilla pakka af sáðkorni, útsæðiskartöflum og olíu- og trefjajurtafræjum.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

Enn fremur er nauðsynlegt að leiðrétta lítillaga aðferðina við að tilgreina magn.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:**I. gr.*

Af ástæðum sem greint er frá hér á eftir ætti að breyta ákveðnum tilskipunum um markaðssetningu fræja.

Í ljós hefur komið við beitingu þessara tilskipana að litlir pakkar af sykkurófufræjum og fóðurjurtafræjum er sérstök verslunarvara innan bandalagsins.

Tilskipun ráðsins 66/400/EBE ⁽³⁾ frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykkurófufræja, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 73/438/EBE ⁽⁴⁾, breytist sem hér segir:

Því virðist rétt að koma á samræmingu á þessu sviði sem hingað til hefur heyrt undir innlenda löggjöf.

1. Við 1. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi undirgrein:

„G. EB-smápakkar: pakkar með vottuðum fræjum sem hér eru talin:

Í þessu sambandi virðist annars vegar ráðlegt að auðvelda merkingu og lokun þessara litlu pakka og hins vegar að hafa um hönd skyldubundið eftirlit til að ganga úr skugga um ósvikni fræja.

— einkímisfræ eða einkímað fræ: ekki fleiri en 100 000 aldinklasar eða korn eða meira en 2,5 kg nettó að frátöldum, eftir því sem við á, kornóttum varnarefnum, húðunarefnum eða öðrum aukefnum í föstu formi;

Í nokkrum fyrrnefndra tilskipana er kveðið á um að frá 1. júlí 1975 geti aðildarríki ekki lengur staðfest á innlendum grunni jafngildi fræja sem eru uppskorin í öðrum löndum, einkum þriðju löndum. Samt sem áður, þar sem ekki hefur alltaf verið hægt að framfylgja athugunum bandalagsins á fóðurjurta-, olíu- og trefjajurtafræjum, ætti að framlengja fyrrnefnt tímabil hvað þessi fræ varðar til að komast hjá

— annað fræ en einkímisfræ eða einkímað fræ: ekki meira en 10 kg nettó að frátöldum, eftir því sem við á, kornuðum varnarefnum, húðunarefnum eða öðrum aukefnum í föstu formi.“

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 62, 31. 7. 1973, bls. 37.⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 8, 31. 1. 1974, bls. 19.⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2290/66.⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 356, 27. 12. 1973, bls. 79.

2. Í stað orðanna „í 10. og 11. gr.“ í 9. gr. komi „í 10., 11. eða 11. gr. a eftir því sem við á“.

3. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi málsgreinar:

„10. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðum stofnfræja og vottaðra fræja, nema þegar fræ í síðari flokknunum eru í formi EB-smápakka, sé lokað opinberlega þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar þær eru opnaðar og ekki sé hægt að nota hann aftur.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess, nema fyrir EB-smápakka, að umbúðum sé ekki lokað aftur, hvorki einu sinni né oft, nema opinberlega. Ef umbúðum er lokað aftur skal það tilgreint, ásamt deginum þegar þeim var síðast lokað aftur og yfirvaldi sem ber ábyrgð á verkinu, á merkimiða samkvæmt 1. mgr. 11. gr.

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að EB-smápökkum sé lokað þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar pakkin er opnaður og ekki sé hægt að nota hann aftur. Ekki skal loka pökkum aftur, hvorki einu sinni né oft, nema opinberlega.

4. Aðildarríkin mega kveða á um undanþágur frá 1. og 2. mgr. fyrir litla pakka af stofnfræjum.“

4. Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðir stofnfræja og vottaðra fræja, nema þegar fræ í síðari flokknunum eru í formi EB-smápakka,“

5. Í stað b-liðar 2. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„b) kveða á um frávik frá 1. mgr. fyrir litla pakka af stofnfræi sem eru merktir: „eingöngu til sölu í... (viðkomandi aðildarríki)“.“

6. Við 11. gr. bætist eftirfarandi málsgreinar:

„11. gr. a

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að utan á EB-smápökkum:

a) í samræmi við B-hluta III. viðauka, sé merkimiði birgðasala, eða prentaðar eða stimplaðar upplýsingar á einu af opinberum tungumálum bandalagsins. Merkimiðann má setja innan í gegnsæjar umbúðir svo framarlega sem hægt er að lesa á hann í gegnum þær. Merkimiðinn skal vera blár;

b) eða á merkimiða birgðasala, sem kveðið er á um í a-lið, sé raðnúmer sem opinber yfirvöld úthluta. Ef límmiði er notaður skal hann vera blár. Setja má nánari reglur um að setja raðnúmerið á í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.

2. Aðildarríkin geta krafist þess að opinber límmiði með öllum eða hluta upplýsinganna sem mælt er fyrir um í B-hluta III. viðauka sé notaður til að merkja EB-smápakka sem eru útbúnir á yfirráðasvæði þeirra. Svo framarlega sem upplýsingarnar koma fram á slíkum miða er ekki þörf fyrir merkinguna sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr.

11. gr. b

Aðildarríkin mega kveða á um að, samkvæmt beiðni, skuli loka og merkja opinberlega EB-smápakka af vottuðu fræi samkvæmt 1. mgr. 10. gr. og 11. gr.

11. gr. c

Aðildarríkjunum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, hvað varðar litla pakka með vottuðum fræi, að hægt sé að ganga úr skugga um ósvikni fræs, einkum við skiptingu vörueiningar. Í þessu skyni mega þau krefjast þess að litlum pökkum sem eru útbúnir á yfirráðasvæði þeirra sé lokað opinberlega eða undir eftirliti opinberra yfirvalda.“

7. Í stað orðanna „í 4. gr.“ í 12. gr. komi „í þessari tilskipun“.

8. Í stað 1. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tryggja að :

— stofnfræ og vottað fræ sem hefur verið vottfest opinberlega og er í umbúðum sem hafa verið merktar og hefur verið lokað í samræmi við þessa tilskipun

— vottað fræ sem hefur verið vottfest opinberlega og er í formi EB-smápakka sem hafa verið merktir og hefur verið lokað í samræmi við þessa tilskipun

sé ekki, hvað varðar einkenni, fyrirkomulag við at-
huganir, merkingar og lokun, háð öðrum markaðs-
hindrunum en þeim sem mælt er fyrir um í þessari
tilskipun.“

9. Í stað orðalags III. viðauka komi:

„III. VIÐAUKI

MERKINGAR

A. Opinber merkimiði

I. Tilskildar upplýsingar

1. „EB-reglur og -staðlar“,
2. Vottunaraðilar og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,
3. Tilvísunarnúmer vörueiningar,
4. Sykkurófur eða fóðursykkurófur,
5. Stofn,
6. Flokkur,
7. Ræktunarland,
8. Uppgefin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgef-
inn fjöldi aldinklasa eða hreinna fræja,
9. Tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar aldinklasa eða hreinna fræja og heildarþyngdar, þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi,
10. Fyrir einkímisfræ: orðhlutinn „einkímis“,
11. Fyrir einkímað fræ: orðið „einkímað“.

II. Lágmarkslengd og -breidd

110 x 67 mm.

B. Merkimiði birgðasala eða upplýsingar á um- búðum (EB-smápakkar)

Tilskildar upplýsingar

1. „EB-smápakki“,
2. Nafn og heimilisfang birgðasala sem ber ábyrgð á merkingunni eða auðkenni hans,

3. Raðnúmer sem opinber yfirvöld úthluta,
4. Yfirvald sem úthlutaði raðnúmerinu og heiti aðildarríkis eða skammstöfun á heiti þeirra,
5. Tilvísunarnúmer ef ekki er hægt að ganga úr skugga um ósvikni vörueiningar með raðnúmerinu,
6. Sykkurófur eða fóðursykkurófur,
7. Stofn,
8. „Vottað fræ“,
9. Nettó- eða brúttóþyngd eða fjöldi aldinklasa eða hreinna fræja,
10. Tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar aldinklasa eða hreinna fræja og heildarþyngdar, þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi,
11. Fyrir einkímisfræ: orðhlutinn „einkímis“,
12. Fyrir einkímað fræ: orðið „einkímað“.

2. gr.

Tilskipun ráðsins 66/401/EBE ⁽¹⁾ frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 73/438/EBE, breytist sem hér segir:

1. Við 1. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi undirgrein:

„F. EB-smápakkar A: pakkar með blöndum af fræi sem ekki á að nota til ræktunar fóðurjurta, ekki meira en 2 kg nettó að frátöldum, eftir því sem við á, kornuðum varnarefnum, húðunarefnum eða öðrum föstum aukefnum.

G. EB-smápakkar B: pakkar með vottuðu fræi, sölufræi eða — ef pakkarir eru ekki EB-smápakkar — fræblöndum, sem eru ekki meira en 10 kg að frátöldum, eftir því sem við á, kornuðum varnarefnum, húðunarefnum eða öðrum föstum aukefnum.“

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

2. Í stað orðanna „í 9. og 10. gr.“ í 1. mgr. 8. gr. komi „í 9., 10. eða 10. gr. a eftir því sem við á“.

3. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðum stofnfræja, vottaðra fræja og sölufræja, nema þegar fræ í tveimur síðari flokkunum eru í formi EB-smápakka B, sé lokað opinberlega þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar þær eru opnaðar og ekki sé hægt að nota hann aftur.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess, nema fyrir EB-smápakka B, að umbúðum sé ekki lokað aftur, hvorki einu sinni né oft, nema opinberlega. Ef umbúðum er lokað aftur skal það tilgreint, ásamt deginum þegar þeim var síðast lokað aftur og yfirvaldi sem ber ábyrgð á verkinu, á merkimiða samkvæmt 1. mgr. 10. gr.

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að EB-smápökkum B sé lokað þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar pakkinn er opnaður og ekki sé hægt að nota hann aftur. Ekki skal loka pökkum aftur, hvorki einu sinni né oft, nema opinberlega.

4. Aðildarríkin mega kveða á um undanþágur frá 1. og 2. mgr. fyrir litla pakka af stofnfræjum.“

4. Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðir stofnfræja, vottaðra fræja og sölufræja, nema þegar fræ í síðari flokknum eru í formi EB-smápakka B...“

5. Í stað b-liðar 2. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„b) kveða á um frávik frá 1. mgr. fyrir litla pakka af stofnfræi sem eru merktir: „eingöngu til sölu í... (viðkomandi aðildarríki)“.“

6. Við 10. gr. bætist eftirfarandi greinar:

„10. gr. a

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að utan á EB-smápökkum B:

a) í samræmi við B-hluta IV. viðauka, sé merkimiði birgðasala, eða prentaðar eða stimplaðar upplýsingar á einu af opinberum tungumálum bandalagsins. Þegar umbúðir eru gegnsæjar má setja merkimiðann inn í þær svo framarlega sem hægt er að lesa á hann í gegnum umbúðirnar. Um lit merkimiðans gildir a-liður 1. mgr. 10. gr.;

b) eða á merkimiða birgðasala, sem kveðið er á um í a-lið, sé raðnúmer sem opinber yfirvöld úthluta. Ef límmiði er notaður gildir a-liður 1. mgr. 10. gr. um lit hans. Setja má nánari reglur um að setja raðnúmerið á í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.

2. Aðildarríkin geta krafist þess að opinber límmiði með hluta upplýsinganna sem mælt er fyrir um í B-hluta IV. viðauka sé notaður til að merkja EB-smápakka B sem eru útbúnir á yfirráðasvæði þeirra. Svo framarlega sem upplýsingarnar koma fram á slíkum miða er ekki þörf fyrir merkinguna sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr.

10. gr. b

Aðildarríkin mega kveða á um að, samkvæmt beiðni, skuli loka og merkja opinberlega EB-smápakka B af vottuðu fræi og sölufræi samkvæmt 1. mgr. 9. gr. og 10. gr.

10. gr. c

Aðildarríkjunum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, hvað varðar litla fræpakka, að hægt sé að ganga úr skugga um ósvikni fræs, einkum við skiptingu vörueiningar. Í þessu skyni mega þau krefjast þess að litlum pökkum sem eru útbúnir á yfirráðasvæði þeirra sé lokað opinberlega eða undir eftirliti opinberra yfirvalda.“

7. Í stað orðanna „í 4. gr.“ í 11. gr. komi „í þessari tilskipun“.

8. Í stað 13. gr. komi eftirfarandi grein:

„13. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að fóðurjurtafræ í formi blandna úr ýmsum ættkvíslum, tegundum eða stofnum fræja eða blandna með fræjum jurta sem ekki eru fóðurjurtir í skilningi þessarar tilskipunar megi einungis markaðssetja ef ekki á að nota blöndurnar til

ræktunar fódurjurta og ef hinir ýmsu þættir blöndunnar samræmast reglum um markaðssetningu fyrir blöndun.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. mega aðildarríkin einnig heimila markaðssetningu fódurjurtafræja í formi blandna:

— ef ekki á að nota blöndurnar til ræktunar fódurjurta, eða

— ef blöndurnar innihalda fræ jurtagunda sem ákvæði bandalagsins kveða ekki á um að megi blanda saman við fódurjurtafræ.

3. Ákvæði 8., 9., 10. gr. b, 11. og 12. gr. gilda ásamt, að því tilskildu þó að merkimiðinn sé grænn, 10. gr. og 10 gr. a. Í þessu skyni teljast EB-smápakkar A vera EB-smápakkar B.

Þó er raðnúmerið, sem úthlutað er af opinberum yfirvöldum og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 10. gr. a, ekki skyldubundið fyrir EB-smápakka A.

Við beitingu 2. mgr. mega aðildarríkin heimila undanþágur frá þessari tilskipun fyrir litla pakka varðandi hámarks magn og tilskildar upplýsingar á merkingum, ef pakkarnir eru merktir: „eingöngu til sölu í... (viðkomandi aðildarríki)“.

9. Í stað 1. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi málsgrein:

„1. Aðildarríkin skulu tryggja að :

— stofnfræ og vottað fræ sem hefur verið vottfest opinberlega og er í umbúðum sem hafa verið merktar og hefur verið lokað eins og lýst er í þessari tilskipun,

— sölufræ sem hefur verið vottfest opinberlega og er í umbúðum sem hafa verið merktar og hefur verið lokað eins og lýst er í þessari tilskipun,

— vottað fræ sem hefur verið vottfest opinberlega og sölufræ sem hefur staðist opinbera prófun og er í formi EB-smápakka B sem hafa verið merktir og hefur verið lokað í samræmi við þessa tilskipun,

— fræ í formi blandna, ræktað í samræmi við þessa tilskipun og ekki ætlað til ræktunar fódurjurta, sem er í umbúðum sem hafa verið

merktar og hefur verið lokað í samræmi við þessa tilskipun

sé ekki, hvað varðar einkenni, fyrirkomulag við at- huginir, merkingar og lokun, háð öðrum markaðs- hindrunum en þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.“

10. Í stað „1. júlí 1975“ í 2. mgr. 16. gr. komi „1. júlí 1977“.

11. Í stað IV. viðauka komi eftirfarandi:

„IV. VIÐAUKI

MERKINGAR

A. Opinber merkimiði

I. Tilskildar upplýsingar

a) Fyrir stofnfræ og vottað fræ:

1. „EBE-reglur og -staðlar“,
2. Vottunaraðilar og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,
3. Tilvísunarnúmer vörueiningar,
4. Tegund,
5. Stofn,
6. Flokkur,
7. Ræktunarland,
8. Uppgefin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgefinn fjöldi hreinna fræja,
9. Tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar hreinna fræja og heildarþyngdar, þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi,
10. Fyrir vottað fræ af öðrum ættlið og síðari ættliðum á eftir stofnfræi: fjöldi ættliða á eftir stofnfræi,
11. Fyrir fræ af stofnum grasa sem ekki hafa þurft að standast prófun á ræktunar- og nýtingargildi í samræmi við a-lið 2. mgr. 4.

gr. tilskipunar ráðsins 70/457/EBE ⁽¹⁾ frá 29. september 1970 um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði: „Notist ekki til ræktunar á fóðurjurtum“.

b) Fyrir sölufrae:

1. „EBE-reglur og -staðlar“,
2. „Sölufrae (ekki vottfest eftir stofni)“,
3. Vottunaraðilar og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,
4. Tilvísunarnúmer vörueiningar,
5. Tegund, ⁽²⁾
6. Ræktunarhérað,
7. Uppgefin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgefinn fjöldi hreinna fræja,
8. Tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar hreinna fræja og heildarþyngdar, þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi.

c) Fyrir fræblöndur:

1. „Fræblanda fyrir ... (fyrirhuguð notkun)“,
2. Yfirvöld sem bera ábyrgð á innsigli og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,
3. Tilvísunarnúmer vörueiningar,
4. Þyngdarhlutfall hinna ýmsu þátta eftir tegundum og, ef við á, eftir stofnum. Það nægir að tilgreina heiti blöndunnar ef þyngdarhlutfallið hefur verið tilkynnt skriflega til kaupandans og skráð opinberlega,
5. Uppgefin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgefinn fjöldi hreinna fræja,
6. Tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar hreinna fræja og heildarþyngdar, þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða

önnur aukefni í föstu formi.

II. Lágmarkslengd og -breidd

110 x 67 mm.

B. Merkimiði birgðasala eða upplýsingar á umbúðum (EB-smápakkar)

Tilskildar upplýsingar

a) Vottað fræ:

1. „EB-smápakki B“,
2. Nafn og heimilisfang birgðasala sem ber ábyrgð á merkingunni eða auðkenni hans,
3. Raðnúmer sem opinber yfirvöld úthluta,
4. Yfirvald sem úthlutaði raðnúmerinu og heiti aðildarríkis eða skammstöfun á heiti þeirra,
5. Tilvísunarnúmer ef ekki er hægt að ganga úr skugga um ósvikni vörueiningar með raðnúmerinu,
6. Tegund,
7. Stofn,
8. „Vottað fræ“,
9. Nettó- eða brúttóþyngd eða fjöldi hreinna fræja,
10. Tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar hreinna fræja og heildarþyngdar, þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi,
11. Fyrir fræ af stofnum grasa sem ekki hafa þurft að standast prófun á ræktunar- og nýtingargildi í samræmi við a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 70/457/EBE frá 29. september 1970 um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði: „Notist ekki til ræktunar á fóðurjurtum“.

b) Sölufrae:

1. „EB-smápakki B“,
2. Nafn og heimilisfang birgðasala sem ber ábyrgð á merkingunni eða auðkenni hans,
3. Raðnúmer sem opinber yfirvöld úthluta,
4. Yfirvald sem úthlutaði raðnúmerinu og heiti aðildarríkis eða skammstöfun á heiti þeirra,

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Um lúpínur ætti að tilgreina hvort þær eru beiskar eða sætar.

5. Tilvísunarnúmer ef ekki er hægt að ganga úr skugga um ósvikni vörueiningar með raðnúmerinu,
6. Tegund ⁽¹⁾,
7. „Sölufræ“,
8. Nettó- eða brúttóþyngd eða fjöldi hreinna fræja,
9. Tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar hreinna fræja og heildarþyngdar, þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi.
- c) Fræblöndur:
1. „EB-smápakki A“ eða „EB-smápakki B“,
2. Nafn og heimilisfang birgðasala sem ber ábyrgð á merkingunni eða auðkenni hans,
3. EB-smápakki B: raðnúmer sem opinber yfirvöld úthluta,
4. EB-smápakki B: yfirvald sem úthlutaði raðnúmerinu og heiti aðildarríkis eða skammstöfun á heiti þeirra,
5. EB-smápakki B: tilvísunarnúmer ef ekki er hægt að ganga úr skugga um ósvikni vörueiningar með raðnúmerinu,
6. EB-smápakki A: tilvísunarnúmer til að hægt sé að ganga úr skugga um ósvikni notaðrar vörueiningar,
7. EB-smápakki A: aðildarríki eða skammstöfun á heiti þess,
8. „Fræblanda fyrir ... (fyrirhuguð notkun)“,
9. Nettó- eða brúttóþyngd eða fjöldi hreinna fræja,
10. Tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar hreinna fræja og heildarþyngdar, þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi.
11. Þyngdarhlutfall hinna ýmsu þátta eftir tegundum og, ef við á, eftir stofnum. Það nægir að tilgreina hluta þessara upplýsinga, eftir reglum aðildarríkjanna um litla pakka sem eru framliddir á yfirlýðingum þeirra, og tilvísun til tegundar af blöndu ef kaupandinn er látinn vita um þyngdarhlutfallið samkvæmt beiðni og það hefur verið skráð opinberlega.“
3. gr.
- Tilskipun ráðsins 66/402/EBE ⁽²⁾ frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 73/438/EBE, breytist sem hér segir:
1. Við 9. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:
- „3. Aðildarríkin mega kveða á um undanþágur frá 1. og 2. mgr. fyrir litla pakka.“
2. Í a- og b-lið A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi sem liður 8a og liður 6:
- „Tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar hreins sáðkorns og heildarþyngdar, þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi.“
4. gr.
- Tilskipun ráðsins 66/403/EBE ⁽³⁾ frá 14. júní 1966 um markaðssetningu útsæðiskartaflna, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 73/438/EBE, breytist sem hér segir:
- Við 9. gr. bætist eftirfarandi undirgrein:
- „3. Aðildarríkin mega kveða á um undanþágur frá 1. og 2. mgr. fyrir litla pakka.“
5. gr.
- Tilskipun ráðsins 69/208/EBE ⁽⁴⁾ frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 73/438/EBE, breytist sem hér segir:
1. Við 9. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:
- „3. Aðildarríkin mega kveða á um undanþágur frá 1. mgr. fyrir litla pakka.“

⁽¹⁾ Um lúpinur ætti að tilgreina hvort þær eru beiskar eða sætar.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2320/66.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

2. Í stað „1. júlí 1975“ í 2. mgr. 15. gr. komi „1. júlí 1977“.
3. Í a- og b-lið A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi sem liður 8a og liður 6:
- „Tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar hreinna fræja og heildarþyngdar, þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi.“
- 1. júlí 1975 að ákvæðum 10. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr.,
- 1. júlí 1980 að ákvæðum 6. mgr. 2. gr. hvað varðar b-lið 1. mgr. 10. gr. a,
- 1. júlí 1977 að öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar.

7. gr.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 26. júní 1975.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en á þeim dögum sem eru tilgreindir hér á eftir, samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar:

Fyrir hönd ráðsins,

P. BARRY

forseti.